

Starfsskýrsla 2022

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ HÖRÐUR





Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar.....	2
Þjálfaramál	2
Meistaraflokkur Harðar í handbolta	3
Barnastarf Harðar í handbolta	5
Knattspyrnudeild Harðar.....	5
Glímudeild Harðar.....	6
Tengiliðir deilda.....	7
Iðkendafjöldi	7



Skýrsla aðalstjórnar

Kæru Harðarmenn og konur. Árið hefur verið virkilega viðburðaríkt hjá okkur.

Stjórn hittist reglulega á fundum og gekk samstarfið vel. Í svona starfi skiptir máli að allir hjálpist að og séu jákvæðir og það er eitthvað sem við erum að verða sérfræðingar í.

Við prufuðum okkur áfram í fjáröflunum og eitthvað virkaði og annað ekki. Við vorum með sjoppu á öllum heimaleikjum í handbolta sem reyndist vel. Við seldum grillaða hamborgara um haustið áður en veðrið varð of slæmt. Við seldum einnig fatnað til styrktar félaginu, vítamín og vatnsbrúsa.

Vegna fjáraflanna og stuðning fyrirtækja var áfram hægt að bjóða öllum að æfa frítt og enginn aðgangseyrir var rukkaður á heimaleiki.

Við fengum tvö fyrirtæki til þess að fjárfesta í útsendingarbúnaði fyrir félagið sem hefur reynst okkur virkilega vel. Búnaðurinn er af flottustu gerð og þarf ekki lengur að fá lánaðan búnað til þess að geta sent út leiki.

Loksins gátum við haldið 5 flokkar mót sem gekk virkilega vel. 2 lið hættu þó við þátttöku samdægurs vegna veðurs en að öðru leiti var þetta virkilega flott og skemmtileg helgi sem krakkarnir höfðu mikið gaman af.

Aðalfundur félagsins var haldinn á skrifstofu Formála þann 1. mars 2023. Ritari fundsins var Brynjólfur Rúnarsson. Mættir voru 13 manns. Vigdís Pála Halldórsdóttir var endurkjörin formaður. Skúli Norðfjörð steig til hliðar sem Gjaldkeri en bætist í hóp meðstjórnanda og ætla að halda á keflunum varðandi yngri flokka starfið. Þráinn Ágúst Arnaldsson steig til hliðar úr stjórn.

Gísli Jón Kristjánsson og Anton Freyr Traustason halda áfram sem meðstjórnendur.

Þjálfaramál

Carlos Martin Santos var áfram þjálfari hjá okkur í handknattleiksdeild. Hann hefur hjálpað okkur gríðarlega í þeirri uppbyggingu sem er að eiga sér stað í handboltanum hér í Ísafjarðarbæ. Jóhannes Lange var fenginn sem markmannsþjálfari haustið 2022. Hann fylgir liðinu á alla leiki og aðstoðar við þjálfun.

Ásgeir Óli Kristjánsson var þjálfari í 7. og 8. flokki ásamt Carlosi.



Meistaraflokkur Harðar í handbolta

Eftirtaldir voru leikmenn í meistaraflokki félagsins:

2021-2022

Rolands Lebedevs	Markmaður
Stefán Freyr Jónsson	Markmaður
Sudario Eidur Carneiro	
Guntis Pilpuks	
Tadeo Salduna	
Óli Björn Vilhjálmsson	Fyrirliði
Axel Sveinsson	
Þráinn Ágúst Arnaldsson	
Ásgeir Óli Kristjánsson	
Daníel Wale Adeleye	
Jón Ómar Gíslason	
Levente Morvai	
Endijs Kusners	
Elías Ari Guðjónsson	
Anton Freyr Traustason	
Suguru Hikawa	
Kenya Kasahara	
Mikel Amilibia	

2022-2023

Rolands Lebedevs	Markmaður
Stefán Freyr Jónsson	Markmaður
Emmanuel Augusto Evangelista	Markmaður
Guntis Pilpuks	
Tadeo Salduna	
Óli Björn Vilhjálmsson	Fyrirliði
Axel Sveinsson	
Þráinn Ágúst Arnaldsson	
Ásgeir Óli Kristjánsson	
Daníel Wale Adeleye	
Jón Ómar Gíslason	
Endijs Kusners	
Elías Ari Guðjónsson	
Suguru Hikawa	
Kenya Kasahara	
Mikel Amilibia	
Sudario Eidur Carneiro	
Jhonatan Santos	
Victor Manuel Peinado Iturrino	
Guilherme Carmignoli	
José Esteves	
Noah Bardou	
Alexander Tatarintsev	
Léo Antoine Renaud David	



Veturinn 2021-2022 keppti meistaraflokkur aftur í Grill 66 deild karla og sigraði deildina. Þeir kepptu því í efstu deild, Olísdeildinni árið 2022-2023.

Nýir leikmenn bættust við í hópinn haustið 2022. Einn kom frá Frakklandi og var með okkur í stuttan tíma. 4 menn frá Brasilíu bættust í hópinn og einn frá Spáni. Þeir hafa aðlagast Ísafirði, menningunni og veðráttunni vel.

Að taka þátt í þessum deildum þýðir mikill kostnaður við ferðalög. Við kepptum leiki á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og Vestmannaeyjum. Þar af leiðandi var ferðakostnaður gríðarlegur.

Æfingar eru vel sóttar. Reglulega hittust „Hörður Old Boys“ og tóku æfingar með meistaraflokki en einnig voru haldnar æfingar þar sem yngri leikmönnum var boðið að æfa með þeim eldri.

Við höfum verið virkilega óheppin þegar kemur að meiðslum, en fjórir leikmenn glímdu við löng meiðsli í vetur.

Þrír leikmenn liðsins frá Lettlandi spiluðu fyrir landslið Lettlands árið 2022.



Barnastarf Harðar í handbolta

Umsjónarmenn barnastarfsins eru Bragi Rúnar Axelsson og Skúli Norðfjörð.
Hjá okkur er starfandi 6 yngri flokkar.

Helst ber að nefna þátttöku Sudario Carneiro í undir 18 ára landsliðsstarfi Íslands. Hann hefur spilað stórt hlutverk í liðinu í vetur og erum við virkilega stolt af honum. Axel Vilji Bragason var valinn í 14 og 13 ára landsliðshóp, Einar Orri Einarsson, Hilmir Norðfjörð og Hermann Hákonarson voru valdnir í undir 13 ára landsliðshóp.

Seinasta haust var komið af stað nýjum flokk, 6. flokkur stúlkna. Æfingar fóru rólega af stað og lengi vel mætti ein stelpa á æfingar. Um áramót voru 14 stelpur farnar að mæta á æfingar og búið að bæta við æfingu fyrir þær. Þær æfa núna 2 í viku.

4 og 5 flokkur hefur verið að fara í keppnisferðir með félaginu og hefur það gengið virkilega vel og krakkarnir haft mikið gaman af.

Knattspyrnudeild Harðar

Knattspyrnudeild Harðar tók þátt í 4.deild Íslandsmóts á vegum KSÍ í sumar 2022.

Sem undirbúning tók liði þátt í lengjubikar sem spilaður er ár hvert í Mars og eru leiknir 4 leikir ásamt leik í Mjólkurbikar gegn Álftanesi. Þessir undirbúningsleikir nýttust í það að slípa saman liðið og undirbúa komandi tímabil.

Liðið hóf leik þann 15. Maí í 4.deild A-Riðli gegn liði Krúu. Þjálfari liðsins var Axel Sveinsson líkt og árið áður.

Um mitt tímabil var fenginn nýr þjálfari, Eypór Bjarnason, sem tók við liðinu og þjálfaði það út tímabilið.



Liðið lauk keppni í 6.sæti með 15 stig. Jafnt stigum liðsins í sætinu fyrir ofan en þar munaði einungis einu marki á liðunum í markatölu. Meira var undir þetta árið því KSÍ tilkynnti breytingar á Íslandsmótinu. 2 efstu lið síns riðils mynda nýja 4.deild og lið í 3.-6. Sæti skipa nýja 5.deild og neðstu 2 liðin fara niður í Utandeild. Þó svo að Hörður hafi verið einu sæti frá nýrri Utandeild var liðið 9 stigum frá sætinu fyrir neðan.

Ásamt meistaraflokks liði sínu tefldi Hörður fram sameiginlegu liði í 2.flokk með Vestra þar sem Margeir Ingólfsson og Eyþór Bjarnason stýrðu því liði. Leikmannahópurinn var fámennur í samanburði við fyrri tímabil.

Lykilleikmenn voru farnir í önnur lið.

Guðmundur Páll Einarsson fór til Vestra, Kári Eydal hélt til Noregs og gekk til liðs við Rosenborg, Birkir Eydal sem hefur eytt sumrum sínum með liði Harðar hélt einnig til Noregs lék þar í sumar. Því þurftu aðrir leikmenn að taka aukna ábyrgð í nýjum hlutverkum.

Í lok sumars fékk Sigþór Snorrason að láta af störfum sem formaður en Sigþór hafði einnig spilað lykilhlutverk sem leikmaður og spilaði 83 keppnisleiki fyrir Hörð. Eftirmaður hans er Axel Sveinsson fyrrum leikmaður og þjálfari liðsins.

Undirbúningur nýs tímabils hófst strax og var lögð vinna í það að leita af þjálfara næsta tímabils og mynda leikmannahóp sem tekst á við nýtt verkefni í 5.deild þar sem ríkir mikil tilhlökkun.

Stjórn skipa Axel Sveinsson (formaður), Hannes Haraldsson (gjaldkeri), Sigurður Óskarsson, Sveinn Ingi Guðbjörnsson og Magni Jóhannes Prastarson (stjórnarmenn).

Glímudeild Harðar

Glímudeild Harðar tók á stökk eftir heimsfaraldurinn og voru iðkendur glaðir að geta farið að glíma af krafti. Mikið af nýju fólki sem kom og prufaði á þessu ári, ekki allir sem héldu áfram en þó nokkrir.

Stjórn glímudeildarinnar hefur verið að vinna í að skoða húsnaði fyrir bara - glímu þar sem mikil óánægja er með frágang á dýnunum sem eru notaðar hjá okkur, t.d hefur komið fyrir að dýnurnar er allar í krít eftir grunnskólann.

Þjálfarar eru Alexander Z. Pétursson, Daníel Örn Davíðsson og Einar Torfi Torfason.

Stjórn: Alexander Z. Pétursson, Daníel Örn Davíðsson og Einar Torfi Torfason.



Tengiliðir deilda

Formaður handknattleiksdeilda:

Vigdís Pála Halldórsdóttir – 8454038 – vigdis@hordurhand.is

Formaður yngri flokka handknattleiksdeilda:

Skúli Norðfjörð – 8967626 – gjaldkeri@hordurhand.is

Formaður Knattspyrnudeilda

Axel Sveinsson – 8457293 – sveinssonaxel@gmail.com

Formaður Glímudeilda

Alexander Z. Pétursson – 7891460 – zakkarias@icloud.com

Iðkendafjöldi

Nokkrir bættust við í meistaraflokk karla á þessu tímabili ásamt því að nýr stúlknaflokkur í handbolta var stofnaður, við það bættust 15 stúlkur í handknattleiksdeild okkar!

Erfiðlega gekk að fá nákvæmar tölur frá Knattspyrnudeild og Glímudeild.

Glíma	8
Knattspyrna	47
Handknattleikur	623
Samtals	678